

SAMRUNASKRÁ VEGNA KAUPA STORYTEL AB Á 70% HLUTAFJÁR FORLAGSINS EHF.

EFNISYFIRLIT

1	Stutt lýsing samruna	2
2	Grunnupplýsingar um samrunaaðila	3
2.1	Heiti og póstfang samrunaaðila	3
2.2	Starfsemi samrunaaðila	3
2.2.1	Starfsemi Storytel	3
2.2.2	Starfsemi Forlagsins	4
2.3	Tengiliður	5
3	Upplýsingar um samrunann	5
3.1	Aðdragandi samrunans	5
3.2	Tilgangur samrunans	5
3.3	Eðli samrunans	5
3.4	Atvinnuvegir sem samruninn nær til	6
3.5	Kaupverð	6
3.6	Velta samrunaaðila	6
3.7	Mögulegur ávinningur samrunans, samlegðaráhrif og viðskiptalegar forsendur ..	6
4	Eignarhald og yferráð	7
4.1	Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum	7
4.2	Fyrirtæki undir yferráðum samrunaaðila	7
4.3	Samstarf við fyrirtæki á sama eða tengdum markaði	7
5	Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur	7
6	Fylgiskjöl	8
7	Skilgreiningar á mörkuðum	8
7.1	Viðkomandi vöru- og þjónustumarkaðir	8
7.1.1	Markaður fyrir útgáfu og heildsölu bóka á íslensku	10
7.1.2	Markaður fyrir smásölu bóka á íslensku	10
7.1.3	Stafrænn hljóðmiðlunarmarkaður	11
7.1.4	Nánar um stafvæðingarþróun og starfsemi Storytel - markaður fyrir fræðslu- og afþreyingarefni	12
7.2	Viðkomandi landfræðilegur markaður	12

7.2.1	Aðrir markaðir	13
7.3	Markaðir þar sem áhrifa gætir.....	13
7.4	Markaðir sem verða ekki fyrir áhrifum samrunans	13
8	Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa samrunans gætir.....	14
8.1	Áætluð heildarstærð markaða	14
8.1.1	Útgáfu- og heildsölumarkaður fyrir bækur á íslensku	14
8.1.2	Markaður fyrir smásölu bóka á íslensku.....	14
8.2	Áætluð markaðshlutdeild.....	14
8.2.1	Útgáfu- og heildsölumarkaður fyrir bækur á íslensku	14
8.2.2	Markaður fyrir smásölu bóka á íslensku.....	15
8.3	Eðli og umfang lóðréttrar samþættingar	15
8.4	Sundurliðun á heildartekjum.....	16
8.5	Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu samrunaaðila ..	16
8.6	Samantekt	16
9	Almenn skilyrði á mörkum þar sem áhrifa gætir.....	17
9.1	Fimm stærstu sjálfstæðu birgjar.....	17
9.2	Helstu dreifileiðir og þjónustukerfi	18
9.3	Heildarafkastageta	18
9.4	Tíu stærstu viðskiptavinir	18
9.5	Eftirspurn á hinum skilgreindu mörkuðum	18
9.5.1	Markaður fyrir útgáfu og heildsölu bóka á íslensku	18
9.5.2	Markaður fyrir smásölu bóka á íslensku.....	19
9.6	Aðgengi nýrra keppinauta að hinum skilgreindu mörkuðum	19
9.7	Samstarfssamningar	20
9.8	Atvinnugreinasamtök	20
10	Áhrif á neytendur og milliliði	20
11	Yfirlýsing	22

1 STUTT LÝSING SAMRUNA

Tilkynning þessi varðar samruna félaganna Storytel AB, fyrirtækjanúmer (se. *organisationsnummer*) 556575-2960, Box 24167, 104 51 Stokkhólmi, Svíþjóð („**Storytel**“) og Forlagsins ehf., kt. 600201-2390, Bræðraborgarstíg 7, 101 Reykjavík („**Forlagið**“) (í sameiningu „**samrunaaðilar**“).

Samruninn felst í því að Storytel mun kaupa 70% af öllum útgefnum hlutum í Forlaginu í samræmi við kaupsamning, dags. 1. júlí 2020, á milli Máls og menningar, bókmenntafélags, kt. 450269-6549, Bræðraborgarstíg 7, 101 Reykjavík („**Mál og menning**“) og Egils Arnar Jóhannssonar, kt. 040374-5239, Frostaskjólí 29, 107 Reykjavík („**EÖJ**“) (í sameiningu „**seljendur**“) („**kaupsamningurinn**“) [...]¹. [...]²

Fyrirtækin hyggjast ekki sameina starfsemi sína. [...]³

Í kjölfar kaupanna mun Storytel fara eitt með yfirráð í Forlaginu í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 („**samkeppnislög**“). Sameiginleg innlend heildarvelta samrunaaðila nær ekki þeirri upphæð sem mælt er fyrir um í 17. gr. a. samkeppnislaga.⁴ Er það mat Storytel að samruninn sé ekki tilkynningarskyldur af þeim sökum þrátt fyrir breytingu á yfirráðum. Storytel telur þó rétt í þágu upplýsingagjafar að tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samrunann, [...]⁵ Storytel hefur því ákveðið að eigin frumkvæði og umfram skyldu að tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samrunann og útbúið samrunatilkynningu ásamt Forlaginu í samræmi við viðauka I reglna nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, eftir því sem við á, svo Samkeppniseftirlitið geti metið áhrif hans að fullu, telji það ástæðu til.

Storytel er fyrirtækjasamstæða sem samanstendur af tveimur viðskiptahliðum, útgáfu og streymi. Útgáfuhlutinn samanstendur af forlögum Norstedts Förlagsgrupp (Svíþjóð), People's Press (Danmörk), Rubinstein (Holland), Gummerus (Finnlandi), Storytel Publishing⁶ (alþjóðlegt) og Storyside AB (alþjóðlegt). Streymishlutinn samanstendur af áskriftarveitu Storytel þar sem áskrifendur fá meðal annars ótakmarkað aðgengi að rafbókum, hljóðbókum og hlaðvörpum. Félagið rekur einnig streymisþjónustuna Mofibo í Danmörku.

Storytel er skráð í Kauphöllina í Stokkhólmi, Svíþjóð (Nasdaq First North Growth market) og eru höfuðstöðvar félagsins í Stokkhólmi, Svíþjóð. Þann 31. desember 2019 voru starfsmenn félagsins fleiri en 400. Starfsemi Storytel á Íslandi fer einkum í gegnum dótturfélag Storytel, Storytel Iceland ehf., og felst einkum í sölu á áskriftum að streymisveitu Storytel og dreifingu íslenskra hljóðbóka og rafbóka á grundvelli dreifingarsamninga (e. *Content Distribution Agreements*) við bókaútgefendur, þar með talið Storyside AB, fyrirtæki innan Storytel samstæðunnar, sem hefur gert hljóðnytjaleyfissamninga (e. *Audio Licensing Agreement*) við íslenska rétthafa.

Forlagið er útgáfufyrirtæki á Íslandi. Félagið gefur út bækur undir merkjum JPV útgáfu, Máls og menningar, Vöku-Helgafells, Ókeibóka og Iðunnar og selur til endurseljenda.

¹ TRÚNAÐARMÁL

² TRÚNAÐARMÁL

³ TRÚNAÐARMÁL

⁴ Ath. að rétt er að hafa til hliðsjónar að til stendur að hækka umrædd veltumörk í nýju frumvarpi til samkeppnislaga.

⁵ TRÚNAÐARMÁL

⁶ Félag með litla starfsemi og enga starfsemi á Íslandi.

Forlagið rekur einnig eina bókabúð auk vefverslunar, en hlutdeild þess í smásölu er óveruleg.

Í inngangi þessum vilja samrunaaðilar undirstrika eftirfarandi:

- Samrunaaðilar telja að áhrifa samrunans muni aðallega gæta á markaði fyrir smásölu bóka á íslensku.
- Samrunaaðilar telja að áhrifa samrunans muni gæta að afar takmörkuðu leyti á markaði fyrir útgáfu og heildsölu bóka á íslensku þar sem raunveruleg skörun á starfsemi samrunaaðila er lítil sem engin.
- Samrunaaðilar líta svo á að nákvæm markaðsskilgreining, þ.e. frekari sundurgreining þeirra markaða sem að framan greinir, svo sem eftir tegund miðlunar, sé óþörf þar sem hin fyrirhuguðu viðskipti komi ekki til með að vekja upp álitafni út frá sjónarhóli samkeppnisréttar.
- Samrunaaðilar líta svo á að samruninn muni hafa góð áhrif á samkeppni, neytendur og milliliði til skemmri og lengri tíma litið.

Með vísan til framangreinds og þess sem nánar verður rakið hér á eftir er það mat samrunaaðila að engin lagaskilyrði séu fyrir íhlutun vegna samrunans.

Samrunaskrá þessari er eingöngu ætlað að vera til afnota fyrir Samkeppniseftirlitið og er óskað eftir því að farið verði með þær upplýsingar sem fara hér á eftir og eru skáletraðar og innan hornklofa sem **trúnaðarupplýsingar**, sbr. 17. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 16. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins, enda er um að ræða viðkvæmar upplýsingar sem varða mikilvæga viðskiptahagsmuni. Það sama gildir um fylgiskjöl sem merkt eru trúnaðarmál.

2 GRUNNUPPLÝSINGAR UM SAMRUNAÐILA

2.1 Heiti og pósthfang samrunaaðila

Aðilar samrunans eru:

- Storytel AB, fyrirtækjanúmer (se. *organisationsnummer*) 556575-2960, Box 24167, 104 51 Stokkhólmi, Svíþjóð; og
- Forlagið ehf., kt. 600201-2390, Bræðraborgarstíg 7, 101 Reykjavík.

Þegar vísað verður til Storytel er eftir atvikum átt við fyrirtækjasamstæðuna í heild sinni. Nánar verður fjallað um fyrirtækjasamstæðuna í 4. kafla hér á eftir.

2.2 Starfsemi samrunaaðila

2.2.1 Starfsemi Storytel

Storytel er fyrirtækjasamstæða sem sérhæfir sig í útgáfu fræðslu- og afþreyingarefnis ásamt rekstri streymisveitu sem veitir áskrifendum aðgengi að stóru úrvali fræðslu- og

afþreyingarefnis í hljóð- og lestrarformi. Storytel gefur ekki út prentaðar bækur á Íslandi og selur ekki bækur í heildsölu til þriðju aðila hérlendis.⁷

Í grunninn samanstendur starfsemi Storytel af tveimur viðskiptahliðum, líkt og lýst hefur verið hér í kafla 1 að framan. Þó Storytel leggi aðaláherslu á rekstur streymisveitu gefur félagið einnig út hljóðbækur og raðbækur hérlendis að litlu leyti. Sú útgáfustarfsemi Storytel hérlendis fer fram í gegnum hljóðbókaútgáfuna Storyside AB⁸, sem er í eigu Storytel Sweden AB og er staðsett í Svíþjóð. Rétt er þó að árétta að ekki er um að ræða bókaútgáfu í hefðbundnum skilningi, heldur einungis það að *miðlunarformi bóka*, sem þegar hafa verið gefnar út á prenti hérlendis, er umbreytt yfir á hljóðform. Þannig eru bækurnar ekki gefnar út *einvörðungu á hljóðformi*. Óljóst er hvort sú starfsemi falli undir bókaútgáfu í samkeppnisréttarlegum skilningi. Enginn starfsmaður Storytel hérlendis sinnir ritstjórn, útlitshönnun, samskiptum við smásala, kynningarstarfsemi eða öðrum þeim þáttum sem hingað til hafa verið taldir til bókaútgáfu. Storytel rekur ekki heldur sérstakt bókaforlag hérlendis.

Þó skal þess getið að félagið hefur gert hljóðnyttjaleyfissamninga (e. *Audio License Agreements*) við einstaka rétthafa hér á landi í gegnum Storyside AB. [...] ⁹

Eina frumútgáfa Storytel á Íslandi á sér stað undir vörumerkinu *Storytel Original*.¹⁰ Storytel Original efni er sérsniðið að hljóðmiðlun og er skrifað og framleitt sérstaklega með slíka miðlun í huga. Samanstendur efnið yfirleitt af röð þátta eða kafla, sem neytendur geta hlustað á í skemmri tíma án þess að missa þráðinn. Hefur slíku efni eingöngu verið dreift í gegnum áskriftarveitu Storytel. [...] ¹¹ Ekki er þó um hljóðbækur að ræða, heldur efni sem á frekar skylt við hlaðvörp eða sjónvarpsþáttaseriur þar sem efnið er skrifað og sniðið að hljóðmiðlun, sem samanstendur gjarnan af 45-60 mínútna þáttum í 8-10 þátta seríum.

Meginstarfsemi félagsins á Ísland felst í streymi, sem neytendur kaupa sér beinan aðgang að. Neytendur eiga kost á að fá aðgengi að stóru safni fræðslu- og afþreyingarefnis í hljóð- og lestrarformi, svo sem hljóðbóka, raðbóka og hlaðvarpa. Líkt og með Netflix og Spotify, svo dæmi séu tekin um fyrirtæki sem þekkt eru af hálfu íslenskra neytenda, fá neytendur ótakmarkað aðgengi að framangreindu efni með því að gerast áskrifendur að streymisveitunni. Þegar neytendur segja upp áskriftinni missa þeir aðgang að safninu. Storytel starfar þannig einkum á markaði fyrir smásölu bóka á íslensku til neytenda.

Þá ber að geta þess að Storytel á 100% hlut í Storytel Iceland ehf., kt. 570504-3040, Skeifunni 17, 108 Reykjavík, sem sér um streymisveitustarfsemi félagsins á Íslandi, þar með talið gerð dreifingarsamninga við íslenskar bókaútgáfur og höfunda.

Frekari upplýsingar um starfsemi félagsins má finna á heimasíðu félagsins, <https://www.storytel.com/>, sem og í ársskýrslu félagsins (fylgiskjöl 3 og 4).

2.2.2 Starfsemi Forlagsins

Forlagið er íslenskt einkahlutafélag sem hefur með höndum útgáfu prentaðra bóka og annarra verka sem ætluð eru almennum neytendum. Forlagið gefur út bækur undir

⁷ Þess skal getið að Storytel selur bækur í heildsölu erlendis þar sem önnur fyrirtæki bjóða upp á stafrænar lausnir sem eru tæknilega í stakk búnar til að dreifa útgáfum Storytel.

⁸ Sjá: <https://www.storytel.com/in/en/publishers/4-Storyside>

⁹ TRÚNAÐARMÁL

¹⁰ Sjá úrval íslensks afþreyingarefnis sem Storytel hefur framleitt á vefsvæði Storytel: <https://www.storytel.com/is/is/tags/6126-Storytel-Original-IS>

¹¹ TRÚNAÐARMÁL

merkjum JPV, Máls og menningar, Vöku-Helgafells, Ókeibóka og Iðunnar, ásamt því að reka kortaútgáfu. Forlagið hefur í takmörkuðum mæli gefið út rafbækur og hljóðbækur. Neytendum gefst kostur á að streyma hljóðbókum Forlagsins í vafra eða í gegnum smáforrit.¹²

Forlagið rekur jafnframt eina bókabúð, auk vefverslunar á heimasíðu félagsins. Félagið starfar þannig einnig á markaði fyrir smásölu bóka á íslensku þó sú starfsemi sé mun takmarkaðri en útgáfustarfsemi félagsins.

Frekari upplýsingar um starfsemi félagsins má finna á heimasíðu félagsins, <https://www.forlagid.is/>.

2.3 Tengiliður

Tengiliður gagnvart Samkeppniseftirlitinu vegna samrunans er Gunnar Sturluson, lögmaður hjá LOGOS lögmannsþjónustu, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík. Frekari upplýsingar um tengilið eru eftirfarandi:

- Sími: 5 400 300
- Netfang: gunnar@logos.is

Meðfylgjandi samrunaskrá þessari er umboð Storytel til LOGOS lögmannsþjónustu, sbr. fylgiskjal 5.

3 UPPLÝSINGAR UM SAMRUNANN

3.1 Aðdragandi samrunans

[...] ¹³

3.2 Tilgangur samrunans

[...] ¹⁴

3.3 Eðli samrunans

Samningur um kaup á 70% af hlutafé Forlagsins var undirritaður þann 1. júlí 2020 með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, sbr. [...] ¹⁵. Samkvæmt kaupsamningnum samþykkja seljendur að selja og Storytel að kaupa 70% af heildarhlutafé Forlagsins [...] ¹⁶.

Seljendur eiga allt útgefið hlutafé í Forlaginu. [...] ¹⁷

[...] ¹⁸

Það er mat samrunaaðila að kaup þessi feli í sér samruna í skilningi c-liðar 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

¹² Sjá frekari upplýsingar á vefsvæði Forlagsins: <https://www.forlagid.is/hlusta/>

¹³ TRÚNAÐARMÁL

¹⁴ TRÚNAÐARMÁL

¹⁵ TRÚNAÐARMÁL

¹⁶ TRÚNAÐARMÁL

¹⁷ TRÚNAÐARMÁL

¹⁸ TRÚNAÐARMÁL

Fyrirtækin hyggjast ekki sameina starfsemi sína í náinni framtíð. [...] ¹⁹

Með vísan til reglna nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum skal þess getið að bæði félög hafa mótttekið endurgreiðslur á hluta kostnaðar sem fellur til við útgáfu bóka á íslensku á grundvelli laga nr. 130/2018 um stuðning við útgáfu bóka á íslensku. ²⁰

3.4 Atvinnuvegir sem samruninn nær til

Samruni þessi nær fyrst og fremst til þeirra atvinnuvega sem samrunaaðilar starfa á, þ.e. útgáfu bóka, þar með talið rafbóka og hljóðbóka, á Íslandi og smásölu á bókum, þar með talið rafbóka og hljóðbóka og hvort sem um sölu á áskrift að heildarsafni bóka eða sölu á bókum sé að ræða. Má telja að samruninn nái einkum til eftirfarandi atvinnugreina samkvæmt ÍSAT 2009 atvinnugreinaflokkuninni:

- a) Smásala á bókum í sérverslunum (47.61.0)
- b) Bókaútgáfa (58.11.00)

Nánar verður fjallað um markaði málsins í 7. kafla hér á eftir.

3.5 Kaupverð

Um kaupverð vísast til [...] ²¹

3.6 Velta samrunaaðila

Á árunum 2018 og 2019 var innlend velta samrunaaðila sem hér segir:

	2018	2019
Storytel	[...] ²²	[...] ²³
Forlagið	[...] ²⁴	[...] ²⁵

Árið 2019 nam velta Storytel samstæðunnar á heimsvísu 1.843.267.000 SEK. ²⁶ Velta Forlagsins á heimsvísu árið 2019 var [...] ²⁷ íslenskar krónur.

Nánari sundurliðun má sjá í ársreikningum Storytel Iceland og Forlagsins, sbr. fylgiskjöl 6-9, og í umfjöllun hér á eftir.

3.7 Mögulegur ávinningur samrunans, samlegðaráhrif og viðskiptalegar forsendur

[...] ²⁸

¹⁹ TRÚNAÐARMÁL

²⁰ Sjá frekari upplýsingar: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menningarmal/styrkir-og-sjodir/studningur-vid-utgafu-boka-a-islensku/>

²¹ TRÚNAÐARMÁL

²² TRÚNAÐARMÁL

²³ TRÚNAÐARMÁL

²⁴ TRÚNAÐARMÁL

²⁵ TRÚNAÐARMÁL

²⁶ 23.903.486.456 krónur á árlegu meðalgengi ársins 2019 (12,968).

²⁷ TRÚNAÐARMÁL

²⁸ TRÚNAÐARMÁL

4 EIGNARHALD OG YFIRRÁÐ

4.1 Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum

Storytel er skráð á Nasdaq First North Growth Market. Þann 31. mars 2020 voru 10 stærstu hluthafar Storytel eftirfarandi²⁹:

1. Roxette Photo NV (15,2%)
2. Handelsbanken Fonder (9,8%)
3. Swedbank Robur Fonder (9,3%)
4. Jonas Tellander (8,1%)
5. Annamaria Tellander (5,1%)
6. Vitruvian Partners (4,2%)
7. Rustan Panday (3,6%)
8. Paul Sverdrup (2,9%)
9. C WorldWide Asset Management (2,6%)
10. Livförsäkringsbolaget Skandia (2,4%)

Seljendur eru einu hluthafar Forlagsins og skiptist hlutfjáreign þeirra á eftirfarandi hátt:

1. Mál og menning (87%)
2. EÖJ (13%)

4.2 Fyrirtæki undir yfirráðum samrunaaðila

Storytel er fyrirtækjasamstæða með starfsemi víða um heim. [...] ³⁰ Yfirlit yfir félög innan samstæðunnar má jafnframt sjá í ársskýrslu félagsins fyrir árið 2019 (fylgiskjal 3).

Forlagið á 100% hlut í Vegamótum ehf., kt. 550185-0409, Bræðraborgarstíg 7, 101 Reykjavík, og 50% hlut í Snöru ehf., kt. 430402-2930, Birkigrund 20, 200 Kópavogi.

4.3 Samstarf við fyrirtæki á sama eða tengdum markaði

Báðir samrunaaðilar hafa stundað viðskipti við fyrirtæki á tengdum mörkuðum.

[...]

Yfirlit yfir tíu stærstu viðskiptavini samrunaaðila má finna í kafla 9.4 hér að neðan.

5 PERSÓNULEG OG FJÁRHAGSLEG TENGL OG FYRRI YFIRTÖKUR

Stjórn Storytel er skipuð þeim Rustan Panday (formaður), Jonas Sjögren, Nils Janse, Stefan Blom, Malin Holmberg, Helen Fasth Gillstedt og Jonas Tellander, sem jafnframt er stofnandi og framkvæmdastjóri félagsins. Að öðru leyti á ekkert þeirra sæti í stjórn félags sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir.

Stjórn Forlagsins er skipuð þeim Halldóri Guðmundssyni (formaður), Árna Kristni Einarssyni, Sigbrúði Gunnarsdóttur, Örnólfi Óla Thorssyni og Daníel Helgasyni. EÖJ er framkvæmdastjóri félagsins. Að öðru leyti á ekkert þeirra sæti í stjórn annars félags sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir. EÖJ á svo sæti í stjórn Snöru ehf., sem getið er í kafla 4.2 hér að framan.

²⁹ <https://investors.storytel.com/en/ownership-structure/>

³⁰ TRÚNAÐARMÁL

Samrunaaðilar hafa ekki tekið yfir fyrirtæki á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir á síðastliðnum þremur árum.

6 FYLGISKJÖL

1. [...] ³¹
2. [...] ³²
3. [...] ³³
4. [...] ³⁴
5. [...] ³⁵
6. [...] ³⁶
7. [...] ³⁷
8. [...] ³⁸
9. [...] ³⁹
10. [...] ⁴⁰
11. [...] ⁴¹
12. [...] ⁴²
13. [...] ⁴³
14. [...] ⁴⁴
15. [...] ⁴⁵
16. [...] ⁴⁶
17. [...] ⁴⁷

Ítrekað er að þess er óskað að farið verði með framangreind fylgiskjöl sem trúnaðarmál.

7 SKILGREININGAR Á MÖRKUÐUM

7.1 Viðkomandi vöru- og þjónustumarkaðir

Í reglum Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu samruna nr. 684/2008 er hugtakið vörumarkaður skilgreint sem hér segir:

„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar.“

³¹ TRÚNAÐARMÁL
³² TRÚNAÐARMÁL
³³ TRÚNAÐARMÁL
³⁴ TRÚNAÐARMÁL
³⁵ TRÚNAÐARMÁL
³⁶ TRÚNAÐARMÁL
³⁷ TRÚNAÐARMÁL
³⁸ TRÚNAÐARMÁL
³⁹ TRÚNAÐARMÁL
⁴⁰ TRÚNAÐARMÁL
⁴¹ TRÚNAÐARMÁL
⁴² TRÚNAÐARMÁL
⁴³ TRÚNAÐARMÁL
⁴⁴ TRÚNAÐARMÁL
⁴⁵ TRÚNAÐARMÁL
⁴⁶ TRÚNAÐARMÁL
⁴⁷ TRÚNAÐARMÁL

Hér á eftir verður stuttlega fjallað um þá markaði sem samrunaaðilar telja að áhrifa samrunans muni gæta. Það athugast þó að í eftirfarandi umfjöllun felst ekki afstaða samrunaaðila til réttmætis þeirra markaðsskilgreininga til framtíðar.

Að mati samrunaaðila er staðganga á milli prentaðra bóka, rafbóka og hljóðbóka út frá sjónarhóli neytenda, enda kaupir almennt neytandi bók á einu formi. Hann velur með öðrum orðum milli þess að hlusta á hana, lesa rafræna útgáfu eða lesa prentaða útgáfu. Einnig er staðganga á milli þessara mismunandi miðlunarforma í framboði. Þannig geta bókaútgefendur sem hafa tryggt sér útgáfuréttindi gefið út bækur í rafbókar- eða hljóðbókarformi án verulegs aukins kostnaðar eða útvistað framleiðslu rafbóka og hljóðbóka til þjónustuveitenda. [...] ⁴⁸ Telja samrunaaðilar því að bókaútgefendur geti hæglega gefið út rafbækur og hljóðbækur án verulegs aukins kostnaðar. Telja samrunaaðilar því ekki ástæðu til að sundurgreina á milli tegund miðlunar, hvorki út frá sjónarhóli útgefanda eða neytanda. Samkvæmt þessu verður því miðað við það hér að prentaðar bækur, rafbækur og hljóðbækur heyri undir sama vörumarkað.

Þá er vert að nefna stuttlega þá þróun sem átt hefur sér stað um neyslu bóka á erlendra tungu, einkum ensku. [...] ⁴⁹ Framangreindar niðurstöður eru til marks um þá þróun sem hefur átt sér stað á undanförunum árum þar sem neytendur eru farnir að velja í meiri mæli að lesa á erlendum tungumálum, þá einkum ensku, og telja samrunaaðilar að það sé til marks um það samkeppnislega aðhald sem erlendar bækur, einkum enskar bækur, hafa á bókaútgáfumarkaðinn. [...] ⁵⁰

Könnunin frá 2019 gefur samkvæmt framansögðu til kynna að lestur á bókum á erlendra tungu hafi aukist verulega á kostnað íslenskrar útgáfu frá því að Samkeppniseftirlitið rannsakaði markaðsaðstæður síðast, fyrir töku ákvörðunar nr. 47/2017.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 5. febrúar 2008 í máli nr. 8/2008, *Samruni JPV útgáfu ehf. og Vegamóta ehf.*, var eftirfarandi markaðsskilgreining sett fram:

„Samkeppniseftirlitið telur að sá markaður, sem þýðingu hafi í máli þessu, sé útgáfa og sala bókaforlaga á bókum sem almennt eru boðnar neytendum til sölu á markaði, s.s. í bókabúðum, bókamörkuðum, stórmörkuðum, söluturnum og öðrum verslunum og sölustöðum. Þá telur stofnunin að til markaðarins teljist einnig þær bækur sem falla að framangreindri skilgreiningu og gefnar eru út hér á landi fyrir íslenskan markað og seldar eru gegnum netverslanir, bókaklúbba eða aðrar áskriftarleiðir. Telur stofnunin þetta víða skilgreiningu, en tók einnig mið af þrengri skilgreiningu, þar sem miðað var við sölu bókaforlaga til bókaverslana og annarra verslana sem selja bækur til almennra kaupenda bóka.“ (leturbr. hér)

Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 47/2017 taldi Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að endurskoða þá markaðsskilgreiningu. Ákvörðun í máli nr. 47/2017 var staðfest af áfrýjunarnefnd samkeppnismála, sbr. úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá 25. júní 2018 í máli nr. 1/2018, *Forlagið ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Með vísan til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða frá 16. júlí 2020 í máli nr. 1/2020, *Sennileg misnotkun Pennans ehf. á markaðsráðandi stöðu*, verður lagt til

⁴⁸ TRÚNAÐARMÁL

⁴⁹ TRÚNAÐARMÁL

⁵⁰ TRÚNAÐARMÁL

grundvallar að útgáfa- og heildsala bóka á íslensku tilheyri sérstökum markaði annars vegar og smásala bóka á íslensku sérstökum markaði hins vegar.

7.1.1 Markaður fyrir útgáfu og heildsölu bóka á íslensku

Í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 5. apríl 2013 í máli nr. COMP/M.6789, *Bertelsmann / Pearson / Penguin Random House*, taldi framkvæmdastjórnin að í hefðbundinni bókaútgáfu (e. *traditional publishing*) fælist i) að öðlast útgáfuréttindi frá réttshafa, ii) ritstjórn bókar og útlitshönnun, iii) framleiðsla prentaðrar útgáfu eða rafbókar, iv) sala til þriðju aðila og v) auglýsingastarfsemi eða dreifing, eftir atvikum í samstarfi við smásala.

Forlagið er hefðbundinn bókaútgefandi og tekur starfsemi félagsins til allra framangreindra þátta, þ.e. útgáfu, ritstjórnar, útlitshönnunar, prentunar, sölu til smásala, auglýsingastarfsemi og dreifingar. Starfsemi Forlagsins felst eins og áður segir fyrst og fremst í útgáfu prentaðra bóka, þó félagið gefi einnig út rafbækur og hljóðbækur í takmörkuðum mæli. [...] ⁵¹

Storytel gefur út hljóðbækur, ásamt örfáum rafbókum, á íslensku í gegnum dótturfélagið Storyside AB. Sú bókaútgáfa á íslensku sem á sér stað felst þannig einvörðungu í því að hljóðmiðla þegar útgefnum verkum á prenti. Þannig er ekki um bókaútgáfu að ræða í hefðbundnum skilningi. Væri hægt að flokka útgáfustarfsemi félagsins á Íslandi sem stafræna útgáfu (e. *digital publisher*).

Storytel dreifir bókum sínum í gegnum streymisveitu félagsins [...] ⁵². Á dreifing því sér ekki stað með sama hætti og þegar um er að ræða prentaðar bækur. Storytel hefur ekki dreift útgáfum sínum til annarra smásala hér á landi þar sem enginn íslenskur dreifingaraðili sem óskað hefur eftir dreifingu á útgáfum Storytel er tæknilega í stakk búinn til að dreifa verkum félagsins með stafrænum lausnum. Enginn starfsmaður Storytel héraendis starfar við ritstjórn eða útlitshönnun á bókum. Félagið hefur ekki með höndum kynningarstarfsemi með innlendum smásölum. Storytel hefur þannig ekki með höndum hefðbundna útgáfustarfsemi héraendis, en starfar á smásölumarkaði með því að selja íslenskum neytendum áskrift að streymisveitu félagsins, sem veitir áskrifendum aðgengi meðal annars að hljóðbókum og rafbókum á íslensku.

Samrunaaðilar telja samkvæmt framansögðu að lárétt skörun á starfsemi félaganna sé verulega takmörkuð. Forlagið starfi aðallega við hefðbundna bókaútgáfu og er smásöluvelta félagsins lítil. Storytel starfi aðallega við smásölu, en útgáfuvelta félagsins héraendis [...] ⁵³ og er velta félagsins af hefðbundinni útgáfustarfsemi engin.

7.1.2 Markaður fyrir smásölu bóka á íslensku

Starfsemi samrunaaðila skarast einkum á markaði fyrir smásölu bóka á íslensku (hér eftir einnig nefndur „**smásölumarkaðurinn**“). ⁵⁴ Samkeppniseftirlitið tók nýverið sama markað til umfjöllunar, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða í máli nr. 1/2020.

⁵¹ TRÚNAÐARMÁL

⁵² TRÚNAÐARMÁL

⁵³ TRÚNAÐARMÁL

⁵⁴ Sjá til hliðsjónar ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB frá 5. júlí 2010 í máli nr. COMP/M.5838, *Bertelsmann / Planeta / Circulo*, þar sem framkvæmdastjórnin fjallaði meðal annars um markaðinn „*Sale of books to consumers*“.

Samrunaaðilar selja bækur í smásölu með mismunandi aðferðum. Forlagið rekur eina bókabúð auk vefverslunar. Storytel selur hins vegar áskrift að streymisveitu félagsins, sem inniheldur meðal annars raðbækur og hljóðbækur. Eðli framangreindra söluleiða er mismunandi þar sem Forlagið hefur með höndum beina sölu til viðskiptavina og eignast viðskiptavinurinn bókina. Storytel rekur streymisveitu þar sem áskrifendur fá aðgang að heildarsafni fræðslu- og afþreyingarefnis, meðal annars bóka, og missa þann aðgang ef áskriftinni er sagt upp.⁵⁵ Áskrifandinn eignast því ekki bókina. Á áskriftarformið hugsanlega meira skylt við starfsemi bókasafna fremur en bókabúða, en í báðum tilvikum dreifa fyrirtækin bókum til neytenda.

Samkeppniseftirlitið taldi í framangreindri ákvörðun til bráðabirgða í máli nr. 1/2020 að unnt væri að aðgreina markaðinn fyrir smásölu bóka niður í fjarsölumarkaði og sölu bóka í verslunum, án þess að slá því föstu. Samrunaaðilar telja að ekki sé rétt að sundurgreina með þeim hætti, þ.e. á milli mismunandi söluleiða, sbr. til dæmis orðalag í markaðsskilgreiningu ákvörðunar í máli nr. 8/2008 um „*sölu á markaði, s.s. í bókabúðum, bókamörkuðum, stórmörkuðum, söluturnum og öðrum verslunum og sölustöðum*“ og sölu í „*gegnum netverslanir, bókaklúbba eða aðrar áskriftarleiðir.*“ Samrunaaðilar telja því að miða beri við einn smásölumarkað fyrir sölu á bókum í heild sinni, án frekari sundurgreiningar eftir söluleið.

Samrunaaðilar telja þannig að bæði Forlagið og Storytel eigi í samkeppni við bókabúðir, stórmarkaði, vefverslanir og aðra smásala sem selja bækur beint til neytenda. [...]⁵⁶

7.1.3 Stafrænn hljóðmiðlunarmarkaður

Það má líta svo á að Storytel starfi annars vegar á hinum hefðbundna bókamarkaði, sbr. umfjöllun að framan, og hins vegar á hljóðmiðlunarmarkaði í samkeppni við aðrar streymisveitur og stafrænar lausnir sem bjóða neytendum að nálgast hljóðbækur, hlaðvörp, tónlist og önnur verk sem miðlað er með hljóði.

Sú þjónusta sem Storytel býður upp á í gegnum stafræna lausn félagsins felur ekki eingöngu í sér aðgengi að hljóðbókum og raðbókum. Með því að gerast áskrifandi að streymisveitu Storytel fær neytandi aðgang að stóru heildarsafni fræðslu- og afþreyingarefnis sem inniheldur hljóðbækur (og raðbækur), hlaðvörp, „audio first“ efni⁵⁷, heimildarefni, spjallþætti, hugleiðsluefni og annað efni sem flokkast ekki undir framangreinda flokka. Má þar til að mynda nefna Storytel Original efnið, sem er sérsniðið að hljóðmiðlun og er skrifað og framleitt sérstaklega með slíka miðlun í huga.

Auk þess er vert að hafa í huga að þar sem sala á efni Storytel fer fram í áskriftarformi er erfitt að áætla tekjur sem stafa af hverri og einni tegund hljóðverks, sem leiðir til þess að ekki er unnt að sundurgreina veltu sem stafa af áskriftarsölu eftir tegund efnis, svo sem á milli hljóðbóka, raðbóka, hlaðvarpa og annars efnis (t.d. hugleiðsluefnis eða Storytel Original).

Með vísan til framangreinds telur Storytel að skilgreina megi markað fyrir framleiðslu og dreifingu á fræðslu- og afþreyingarefni sem miðlað er með hljóði, óháð mögulegri frekari sundurgreiningu þess markaðar. Þar sem velta Forlagsins af sölu á verkum sem miðluð eru með hljóði í gegnum stafrænar lausnir er lítil sem engin, er það mat samrunaaðila að

⁵⁵ Sjá til hliðsjónar umfjöllun að neðan um hugsanlegan hljóðmiðlunarmarkað.

⁵⁶ TRÚNAÐARMÁL

⁵⁷ Hljóðbækur eða hljóðseríur sem eru ekki byggðar á prentuðum bókum.

fyrirhugaður samruni komi ekki til með að vekja upp samkeppnisleg álitamál hvað þann markað varðar.

7.1.4 Nánar um stafvæðingarþróun og starfsemi Storytel - markaður fyrir fræðslu- og afþreyingarefni

Með vísan til framkvæmdar í Evrópu og héraendis er hægt að líta svo á að starfsemi Storytel falli innan hinna hefðbundnu bókamarkaða, sbr. umfjöllun að framan, en einnig undir markað fyrir hljóðmiðlun. Storytel telur hins vegar að taka verði mið af fleiri þáttum til þess að skilja fyllilega þá samkeppni sem á sér stað á þeim mörkuðum sem Storytel starfar á.

Starfsemi Storytel er drifin áfram af því að fanga tíma og athygli neytenda með því að bjóða upp á breitt úrval fræðslu- og afþreyingarefnis í gegnum stafræna lausn félagsins. Storytel telur að samkeppnisumhverfið, sem er í sífelldri þróun, hafi þróast á þann veg að Storytel keppir í raun við annað fræðslu- og afþreyingarefni sem stendur neytendum til boða í gegnum ýmsar aðrar stafrænar lausnir, hvort sem um hljóð- eða myndverk sé að ræða, ásamt hefðbundnari lausnum, líkt og prentuðum bókum, sem neytendur geta nálgast í smásölu. Er það mat umbjóðanda okkar að samkeppnisumhverfið komi til með að þróast áfram í þá átt að fyrirtæki keppist um tíma og athygli neytenda í umhverfi þar sem raunveruleg staðganga er á milli hljóðmiðlunarfyrirtækja og annarrar afþreyingar, t.d. ólínulegs sjónvarps.

Dreifing hljóðbóka felur þannig ekki eingöngu í sér samkeppni við aðra miðla sem dreifa hljóðbókum heldur einnig við miðla sem dreifa öðru fræðslu- og afþreyingarefni, hvort sem um hljóð- eða myndmiðlun er að ræða. Þá á félagið einnig í samkeppni á hinum hefðbundna bókamarkaði með því að bjóða neytendum upp á breitt úrval rafræna og hljóðbóka í gegnum áskriftarveitu félagsins.

7.2 Viðkomandi landfræðilegur markaður

Í kafla VII. viðhengis I við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum má finna eftirfarandi ákvæði:

„Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnis skilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnis skilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.“

Meðal þeirra þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði er eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.

Að mati samrunaaðila ber að takmarka markaðinn fyrir smásölu bóka á íslensku við landið allt fremur en höfuðborgarsvæðið, eins og lagt var til grundvallar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða í máli nr. 1/2020. Helgast það einkum af því að neytendur á Íslandi geta nálgast bækur í smásölu hvar sem þeir eru staddir á landinu. Þannig getur neytandi til dæmis ákveðið að kaupa bók í prentformi ef hann er staddur í bókaverslun, en keypt í netverslun ef hann er staddur fjarri bókaverslun. Samrunaaðilar telja þó ekki nauðsynlegt að afmarka smásölumarkaðinn með nákvæmum hætti þar sem

samruninn mun ekki leiða til þess að samkeppni á þeim markaði raskist, hvernig sem landfræðilegri takmörkun er háttað.

Að mati samrunaaðila er ekki ástæða til að breyta frá fyrri framkvæmd, sbr. einkum ákvörðun í máli nr. 47/2017, hvað varðar landfræðilega afmörkun hins íslenska útgáfu- og heildsölumarkaðar. Telja samrunaaðilar því rétt að leggja til grundvallar að sá markaður takmarkist við landið allt.

Samrunaaðilar telja þó að rétt sé að hafa hliðsjón af þróun á markaði þar sem neytendur gera í sífellt meiri mæli ekki greinarmun á milli íslenskra bóka annars vegar og bóka á ensku hins vegar. Vísast um það efni til umfjöllunar hér að framan um bókaútgáfumarkaðinn.

7.2.1 Aðrir markaðir

Varðandi aðra markaði sem fjallað hefur verið um hér að framan telur Storytel ekki ástæðu til að fjalla nánar um landfræðilega afmörkun þeirra, en alla jafna má telja að þeir markaðir nái til alls heimsins, Evrópu og Bandaríkjanna eða einungis Evrópu.

7.3 Markaðir þar sem áhrifa gætir

Með vísan til þess sem að framan greinir telja samrunaaðilar að áhrifa samrunans muni fyrst og fremst gæta á eftirfarandi mörkuðum:

- Aðallega mun áhrifa gæta á smásölumarkaði fyrir bækur á íslensku, þar sem til verður smásali sem hefur forsendur til að keppa við stóra smásala, m.a. félags sem nýverið hefur verið lagt til grundvallar að sé í markaðsráðandi stöðu, sbr. ákvörðun til bráðabirgða í máli nr. 1/2020.
- Samruninn kann að hafa smávægileg áhrif á bókaútgáfumarkað, en raunveruleg skörun á starfsemi samrunaaðila er verulega takmörkuð á þeim markaði.
- Samruninn kemur til með að hafa jákvæð áhrif á heildsölumarkað með bækur, þar sem íslenskir heildsalar bóka munu njóta þess að geta átt viðskipti við smásala sem getur veitt stórum smásöluaðilum raunhæfa samkeppni.
- Allt framangreint er til þess fallið að hafa jákvæð áhrif á verðlagningu bóka til íslenskra neytenda og úrval þeirra bóka sem í boði eru fyrir íslenska neytendur.

Verður að hafa í huga að verði hin hefðbundna markaðsskilgreining bókarmarkaðarins lögð til grundvallar þarf að taka tillit til vöruframboðs Storytel, sem inniheldur meðal annars hlaðvörp og Storytel Original efni, sem fellur ekki undir hinn hefðbundna bókamarkað.

Verða veittar nánari upplýsingar um framangreinda markaði hér á eftir.

7.4 Markaðir sem verða ekki fyrir áhrifum samrunans

Samrunaaðilar telja að aðrir markaðir sem nefndir hafa verið hér að framan verði fyrir engum eða ómarktækum áhrifum vegna samrunans.

8 UPPLÝSINGAR UM MARKAÐI ÞAR SEM ÁHRIFA SAMRUNANS GÆTIR

8.1 Áætluð heildarstærð markaða

8.1.1 Útgáfu- og heildsölumarkaður fyrir bækur á íslensku

Sé tekið mið af veltutölum Hagstofu Íslands í ÍSAT flokki 58.11 fyrir bókaútgáfu í 11% virðisaukaskattsprei var stærð markaðarins um [...] ⁵⁸ árið 2019 [...] ⁵⁹.

Með vísan til umfjöllunar Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun í máli nr. 47/2017 er þó erfitt að áætla heildarstærð hins íslenska bókaútgáfumarkaðar vegna stærðar hans, umfangs og fjölda keppinauta. Telja samrunaaðilar þó að framangreind flokkun veiti ágætis vísbendingu um heildarstærð markaðarins.

Sé miðað við fjölda útgefna bóka árið 2019 voru útgefnar bækur samkvæmt íslenskri útgáfuskrá Landsbókasafns Íslands samtals 1.548. ⁶⁰

8.1.2 Markaður fyrir smásölu bóka á íslensku

Samrunaaðilar búa ekki yfir upplýsingum eða áætlunum um heildarstærð markaðarins fyrir smásölu bóka á íslensku. Samkeppniseftirlitið hefur nýverið aflað sér upplýsinga um heildarstærð markaðar og telja samrunaaðilar því ekki nauðsynlegt að áætla heildarstærð hans. Vísast til ákvörðunar til bráðabirgða í máli nr. 1/2020.

8.2 Áætluð markaðshlutdeild

8.2.1 Útgáfu- og heildsölumarkaður fyrir bækur á íslensku

Samrunaaðilar búa ekki yfir upplýsingum um áætlaða markaðshlutdeild hvors félags um sig á útgáfu- og heildsölumarkaði fyrir bækur á íslensku. Hlutdeild tekur meðal annars mið af því hvort talið verði að hljóðbókaútgáfa Storytel, sem felur í sér umbreytingu á formi bóka, teljist bókaútgáfa í samkeppnisréttarlegum skilningi.

[...] Þar sem Storytel Iceland selur ekki bækur á íslensku til endursöluaðila [...] ⁶¹ kemur samruninn ekki til með að hafa marktæk áhrif á markað fyrir sölu á bókum á íslensku til endursöluaðila.

Velta Forlagsins á útgáfu- og heildsölumarkaði var [...] ⁶² eða um [...] ⁶³ heildarmarkaðarins.

Forlagið gaf út [...] ⁶⁴ titla árið 2019 eða um [...] ⁶⁵ þeirra titla sem tilgreindir eru í útgáfuskrá. Storytel gaf út [...] ⁶⁶ hljóðbókatitla á íslensku árið 2019 en þeir komu einnig allir út á öðru formi. Útgáfa Storytel fjölgar þannig ekki heildarfjölda útgefna titla á íslensku.

Á Íslandi starfa fjölmargir aðilar sem gefa út bækur. Má til að mynda vísa til útgefendaskrár Bókatíðinda 2019 því til stuðnings, sem er þó langt í frá tæmandi um bókaútgefendur á

⁵⁸ TRÚNAÐARMÁL

⁵⁹ TRÚNAÐARMÁL

⁶⁰ Sjá: <https://utgafuskra.is/statistics.jsp>

⁶¹ TRÚNAÐARMÁL

⁶² TRÚNAÐARMÁL

⁶³ TRÚNAÐARMÁL

⁶⁴ TRÚNAÐARMÁL

⁶⁵ TRÚNAÐARMÁL

⁶⁶ TRÚNAÐARMÁL

Íslandi.⁶⁷ Samrunaaðilar búa ekki yfir upplýsingum um tekjur annarra bókaútgefenda í útgáfu og heildsölu á bókum á íslensku.

8.2.2 Markaður fyrir smásölu bóka á íslensku

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til bráðabirgða í máli nr. 1/2020 var lagt til grundvallar að markaðshlutdeild fyrirtækja á smásölumarkaði bóka á íslensku á öllu landinu hafi verið eftirfarandi á árinu 2019:

TAFLA 1 (heimild: Samkeppniseftirlitið)

Innlendar og erlendar bækur	2019		
	Allt árið	janúar- október	nóvember- desember
Penninn	[55-60]%	[60-65]%	[45-50]%
Bónus	[5-10]%	[0-5]%	[20-25]%
Bóksala stúdenta	[5-10]%	[10-15]%	[0-5]%
Hagkaup	[5-10]%	[5-10]%	[10-15]%
Forlagið ehf.	[0-5]%	[5-10]%	[0-5]%
Egilsson ehf.	[0-5]%	[5-10]%	[0-5]%
Costco Wholesale Iceland ehf.	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Heimkaup.is	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Rúblan	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Nettó	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Sunnan 4	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Kaupfélag Skagfirðinga	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Samkaup	[0-5]%	[0-5]%	[0-5]%
Stórkaup	[0-5]%	[0-5]%	0%
Samtals velta (ma. kr.)	[...]	[...]	[...]

Samkeppniseftirlitið tók ekki tillit til veltu Storytel af áskriftarsölu í framangreindu mati á markaðshlutdeild fyrirtækja á smásölumarkaði bóka. Líkt og að framan greinir telja samrunaaðilar að samrunaaðilar báðir starfi á smásölumarkaði fyrir bækur á íslensku, þrátt fyrir að söluleiðir séu mismunandi og Forlagið selji einkum prentaðar bækur á meðan Storytel selji einkum hljóðbækur, enda er það mat samrunaaðila að mismunandi söluleiðir og miðlunarform tilheyri eina og sama markaðinum.

Hvað sem því líður telja samrunaaðilar liggja fyrir að hlutdeild þeirra á smásölumarkaði sé takmörkuð og fjarri því að geta talist markaðsráðandi, jafnvel ef litið er á sameiginlega hlutdeild félaganna. Sé þannig litið til heildarveltu Forlagsins af smásölu [...] ⁶⁸ og Storytel af áskriftarsölu [...] ⁶⁹ á árinu 2019 er ljóst að markaðshlutdeild félaganna er takmörkuð. Vísast til framangreindrar töflu Samkeppniseftirlitsins hvað hana varðar.

8.3 Eðli og umfang lóðréttrar samþættingar

⁶⁷ Sjá: <https://vefbirting.prentmetoddi.is/bt2019/80/>

⁶⁸ TRÚNAÐARMÁL

⁶⁹ TRÚNAÐARMÁL

Storytel er lóðrétt samþætt á Íslandi í þeim skilningi að félagið rekur rafbóka- og hljóðbókaútgáfu í gegnum félagið Storyside AB og dreifir bókum til neytenda í gegnum áskriftarveitu sína.

Forlagið er lóðrétt samþætt í þeim skilningi að félagið gefur út bækur og rekur einnig eina bókabúð auk vefverslunar.

Margir bókaútgefendur reka jafnframt smásölu, einkum vefverslanir.

8.4 Sundurliðun á heildartekjum

[...] ⁷⁰

[...] ⁷¹

8.5 Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu samrunaaðila

Helstu kostnaðarliðir Storytel eru sem hér segir:

- [...] ⁷²

Helstu kostnaðarliðir Forlagsins eru sem hér segir:

- [...] ⁷³

Að öðru leyti vísast til ársreikninga auk umfjöllunar um 5 stærstu birgja samrunaaðila, sbr. umfjöllun í kafla 9.1.

8.6 Samantekt

Samrunaaðilar áætla að sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila í kjölfar samrunans muni hækka lítillega á smásölumarkaði fyrir dreifingu og sölu á bókum á íslensku til neytenda, en að samruninn verði engu að síður jákvæður fyrir samkeppni á þeim markaði. Með samrunanum verður til aðili sem getur veitt fyrirtæki sem býr yfir ráðandi hlutdeild á þeim markaði virkt samkeppnislegt aðhald. Samruninn er þannig til þess fallinn að auka samkeppni á markaði fyrir smásölu bóka á íslensku.

Þá telja samrunaaðilar að markaðshlutdeild á markaði fyrir útgáfu og heildsölu bóka á íslensku til endurseljenda verði óbreytt eða aukist óverulega. Þá telja samrunaaðilar að samruninn sé líklegur til að hafa jákvæð áhrif á stöðu rithöfunda og annarra bókaútgefenda, sem munu njóta þess að til verður smásali sem keppt getur við stóra smásöluaðila á smásölumarkaði. Hvað varðar stöðu þeirra rithöfunda sem eru sammingsbundnir Forlaginu eftir samrunann, athugast eftirfarandi:

- Enginn rithöfundur hjá Forlaginu er skuldbundinn til þess að setja bækur sínar inn á áskriftarveitu nema hann sé þess samþykkur og undirriti útgáfusamning þess efnis.
- Þeir höfundar sem sammingsbundnir eru Forlaginu njóta þess áfram að ekki verður hægt að semja við þá um útgáfu á fleiri en einni bók í einu við rithöfunda, vegna 13. gr. ákvörðunar í máli nr. 8/2008.

⁷⁰ TRÚNAÐARMÁL

⁷¹ TRÚNAÐARMÁL

⁷² TRÚNAÐARMÁL

⁷³ TRÚNAÐARMÁL

- Útgáfuréttindi hvíla áfram hjá Forlaginu ehf.
- Möguleikar útgefenda á aukinni dreifingu verka sinna, héraendis og alþjóðlega, aukast eftir samrunann og auðveldara verður fyrir neytendur að nálgast hljóðútgáfu verka þeirra, hjá þeim sem samþykkja slíka útgáfu.
- Ef samruninn verður að veruleika, þá stendur til að stafvæða baklista Forlagsins að því marki sem unnt er. Það mun stuðla að því að verk íslenskra höfunda varðveitast og að varðveislu menningarlegra verðmæta íslenskrar þjóðar.

Af öllu framangreindu má ætla að samruninn hafi jákvæð áhrif á samkeppni á útgáfumarkaði eða í öllu falli yrðu neikvæð áhrif hans óveruleg.

Markaðshlutdeild hins sameinaða félags kann að vera sterk í bókaútgáfu, en staða Forlagsins er álíka sterk fyrir samrunann. Er því sú sterka markaðshlutdeild sem hið sameinaða félag mun búa yfir ekki orsökun af samrunanum, heldur af stöðu hins yfirteknna félags fyrir hinn fyrirhugaða samruna.

Þá telja samrunaaðilar að samkeppnislegt aðhald á mörkuðum málsins, einkum á útgáfumarkaði, sé þess eðlis að hið sameinaða félag mun ekki verða markaðsráðandi eða samkeppni verði raskað að öðru leyti, þótt talið yrði að markaðshlutdeild væri há eftir samrunann. Vísast fyrst og fremst til umfjöllunar hér á eftir um mögulega samkeppni og aðgangshindranir að markaðnum. Má til viðbótar nefna kaupendastyrk helstu smásala, [...]⁷⁴

Með vísan til framangreinds og þess sem nánar verður rakið hér á eftir er það mat samrunaaðila að engin rök mæli með því að lagaskilyrði séu fyrir íhlutun í samrunann.

9 ALMENN SKILYRÐI Á MÖRKUM ÞAR SEM ÁHRIFA GÆTIR

9.1 Fimm stærstu sjálfstæðu birgjar

Fimm stærstu sjálfstæðu birgjar samrunaaðila eru eftirfarandi:

Storytel ⁷⁵	Forlagið
[...] ⁷⁶	[...] ⁷⁷
[...] ⁷⁸	[...] ⁷⁹
[...] ⁸⁰	[...] ⁸¹
[...] ⁸²	[...] ⁸³
[...] ⁸⁴	[...] ⁸⁵

⁷⁴ TRÚNAÐARMÁL

⁷⁵ Stærstu birgjar Storytel Iceland ehf.

⁷⁶ TRÚNAÐARMÁL

⁷⁷ TRÚNAÐARMÁL

⁷⁸ TRÚNAÐARMÁL

⁷⁹ TRÚNAÐARMÁL

⁸⁰ TRÚNAÐARMÁL

⁸¹ TRÚNAÐARMÁL

⁸² TRÚNAÐARMÁL

⁸³ TRÚNAÐARMÁL

⁸⁴ TRÚNAÐARMÁL

⁸⁵ TRÚNAÐARMÁL

9.2 Helstu dreifileiðir og þjónustukerfi

Helstu dreifileiðum og þjónustukerfi Storytel hefur verið lýst hér að framan. Dreifing fer fram í gegnum streymisveitu félagsins sem býður neytendum á að ýmist hlusta á eða lesa það fræðslu- og afþreyingarefni sem í boði er hverju sinni. Dreifing á hljóðbókaútgáfum félagsins fer fram á grundvelli dreifingarsamninga við félög sem bjóða upp á lausn sem sniðin er að útgáfum Storytel. Félagið selur þannig ekki sérstakar skrár (t.d. MP3) eða geisladiska, heldur einungis efni sem útbúið er til stafrænnar miðlunar á kerfum sem eru nægilega trygg.

Hin hefðbundna bókasala fer einkum fram með þeim hætti að útgefendur gera samninga um endursölu bóka við smásala eða í umboðssölu. Þá kaupa neytendur bækur í bókabúðum. Jafnframt hefur færst í aukana að útgefendur starfræki jafnframt vefverslun, en helsta dreifingarleiðin er þó enn í gegnum bókabúðir.

9.3 Heildarafkastageta

Heildarafkastageta á ekki við í smásölu og á vart við í bókaútgáfu, enda margir aðrir þættir sem koma við sögu. [...] ⁸⁶ [...] ⁸⁷

9.4 Tíu stærstu viðskiptavinir

Viðskiptavinir Storytel á Íslandi eru áskrifendur Storytel streymisveitunnar.

Tíu stærstu viðskiptavinir Forlagsins á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir eru eftirfarandi:

1	[...] ⁸⁸
2	[...] ⁸⁹
3	[...] ⁹⁰
4	[...] ⁹¹
5	[...] ⁹²
6	[...] ⁹³
7	[...] ⁹⁴
8	[...] ⁹⁵
9	[...] ⁹⁶
10	[...] ⁹⁷

9.5 Eftirspurn á hinum skilgreindu mörkuðum

9.5.1 Markaður fyrir útgáfu og heildsölu bóka á íslensku

Stærstu viðskiptavinir Forlagsins og annarra keppinauta félagsins á heildsölustigi eru smásölukeðjur, einkum bókakeðjur og stórmarkaðir. Eftirspurn á hinum skilgreinda markaði ræðst fyrst og fremst af markaðssetningu og úrvali nýrra bóka, en þekktir

⁸⁶ TRÚNAÐARMÁL

⁸⁷ TRÚNAÐARMÁL

⁸⁸ TRÚNAÐARMÁL

⁸⁹ TRÚNAÐARMÁL

⁹⁰ TRÚNAÐARMÁL

⁹¹ TRÚNAÐARMÁL

⁹² TRÚNAÐARMÁL

⁹³ TRÚNAÐARMÁL

⁹⁴ TRÚNAÐARMÁL

⁹⁵ TRÚNAÐARMÁL

⁹⁶ TRÚNAÐARMÁL

⁹⁷ TRÚNAÐARMÁL

höfundar halda þó jafnan góðum velli. Nýjungar og framþróun í möguleikum neytenda til að neyta verka keyrir þróun á útgáfumarkaðinum áfram. Er enn margir neytendur sem kjósa fyrst og fremst að neyta verka í gegnum prentaðar bækur.

9.5.2 Markaður fyrir smásölu bóka á íslensku

[...] ⁹⁸

9.6 Aðgengi nýrra keppinauta að hinum skilgreindu mörkuðum

Samrunaaðilar telja að engar aðgangshindranir séu á hinum skilgreindu mörkuðum. Nýliðun í bókaútgáfu er mikil og á ári hverju gefa nýir bókaútgefendur út titla sem ná metsölu. Um þetta má hvort sem er vísa til útgáfuskrár Landsbókasafns eða Bókatíðinda 2019. Þó síðarnefnda ritið sé ekki áreiðanlegt um bókaútgáfu á Íslandi má auðveldlega sjá á því að nýir útgefendur eru margir. Á útgefendaskrá Bókatíðinda má því líta sem algeran lágmarksfjölda útgefenda hverju sinni. ⁹⁹

Í ákvörðun í máli nr. 47/2017 taldi Samkeppniseftirlitið að samdráttur í bóksölu á milli áranna 2016 og 2015 hafi veitt vísbendingar um að aðgangshindranir inn á skilgreindan markað þess máls hafi verið meiri en þegar ákvörðun nr. 8/2008 var tekin. Með sambærilegri rökfærslu væri því hægt að rökstyðja að aðgangshindranir séu *minni* í dag en þegar ákvörðun nr. 47/2017 var tekin, enda hefur bóksala farið vaxandi með vísan til tölfræði Hagstofu Íslands [...] ¹⁰⁰.

Þá er ljóst að fyrirtæki með enga reynslu af útgáfustarfsemi á bókum á íslensku eiga mjög auðvelt með að hefja inngöngu á íslenska bókaútgáfumarkaðinn, svo sem smásalar sem hafa selt bækur. Þannig hefur Amazon á skömmum tíma orðið einn stærsti útgefandi bóka á heimsvísu og hefur hafið inngöngu á sænskan markað. Er ljóst að hugsanlegir keppinautar sem eru svo burðugir veita töluvert samkeppnislegt aðhald á markaði. Amazon er nú þegar stór smásöluaðili á bókum á íslensku.

Þá eru engar takmarkanir á möguleika minni bókaútgáfa til að stækka. Engar hindranir eru á möguleikum slíkra aðila á að koma bókum á framfæri eða dreifa slíkum bókum hjá ýmsum smásölum, t.d. Pennanum, Storytel eða Amazon. Skiptir enn fremur engu máli hvaða bókaútgáfa gefur út hvaða bók, enda skiptir það ekki máli fyrir neytendur hver útgefandi bókar er. Neytendur velja bækur á grundvelli efnis eða höfundar, en ekki útgefanda.

Því til viðbótar eru útgáfusamningar staðlaðir, sem þýðir að staða höfunda gagnvart útgefendum veltur ekki á stærð útgefanda, heldur er meirihluti þeirra samninga sem gerðir eru með sömu eða samskonar fjárhagslegum skilmálum.

Það er mikil velta á fjölda bókaútgefenda og bóksala á Íslandi. Auk þess hefur markaðurinn þróast á þann veg að neytendur geta nálgast efni með ýmsum hætti allt frá hinum hefðbundna bóksala, bókasafni, netverslun eða í þess til gerðum stafrænum lausnum. Þannig hóf Storytel inngöngu á íslenskan bókamarkað árið 2018 og hefur tekist að tryggja sér fjölda hljóðbókaútgáfuréttinda og auka vinsældir vörumerkisins á skömmum tíma. [...] ¹⁰¹

⁹⁸ TRÚNAÐARMÁL

⁹⁹ Sjá: <https://vefbirting.prentmetoddi.is/bt2019/80/>

¹⁰⁰ TRÚNAÐARMÁL

¹⁰¹ TRÚNAÐARMÁL

9.7 Samstarfssamningar

Vegna eðlis þeirra markaða sem um ræðir, líkt og Samkeppniseftirlitið er meðvitað um og fjallað hefur verið hér að framan, eru lóðréttir samningar mjög algengir á hinum skilgreindu mörkuðum, hvort sem um dreifingarsamninga eða útgáfusamninga er að ræða.

Storytel gerir þannig annars vegar hljóðnytjaleyfissamninga (e. *Audio License Agreement*) dreifingarsamninga (e. *Content Distribution Agreements*). Vísast til umfjöllunar í kafla 4.3 hér að framan.

9.8 Atvinnugreinasamtök

Samrunaaðilar eru báðir félagar í Félagi íslenskra bókaútgefenda.¹⁰²

10 ÁHRIF Á NEYTENDUR OG MILLILIÐI

Það er mat samrunaaðila að samruninn komi til með að hafa jákvæð áhrif á neytendur til skemmri og lengri tíma lítið. Með samrunanum getur hið sameinaða félag nýtt sérþekkingu Storytel samstæðunnar í útgáfu bókverka á íslensku í öllum formum, þ.e. hefðbundinni bókaútgáfu, rafbókaútgáfu og hljóðbókaútgáfu. Telur Storytel að samruninn komi til með að efla útgáfustarfsemi Forlagsins og gefa neytendum þann kost að neyta bókverka á því formi sem hentar hverjum og einum. Þar að auki hyggst Storytel stafvæða baklista Forlagsins hjá þeim höfundum sem það vilja, sem mun leiða til þess að bókmenntaarfur og menningarverðmæti Íslendinga verða varðveitt. Þá mun samruninn mögulega leiða til aukinnar dreifingarmöguleika þeirra höfunda sem kjós að láta rafvæða verk sín.

Með samrunanum verður Forlagið hluti af útgáfusamstæðu sem starfar á öllum Norðurlöndunum og víðar. Mun Forlagið njóta góðs af sérþekkingu auk þess sem hagræðingarmöguleikar í rekstri félagsins koma til með að aukast með samrunanum. [...]¹⁰³

Að mati samrunaaðila mun samruninn hafa jákvæð samkeppnisleg áhrif í för með sér á markaði fyrir smásölu bóka á íslensku. Hið sameinaða félag hefur raunhæfa möguleika á því að veita fyrirtækjum með mikla markaðshlutdeild samkeppni um sölu og dreifingu á íslenskum bókatitlum til neytenda. Aukin samkeppni í smásölu bóka leiðir til aukins úrvals bókatitla, á mismunandi formi (hljóð, prentað o.fl.) og þess að fleiri bækur eru gefnar út í formi hljóðbóka. Þá kann aukin samkeppni að leiða til verðlækkana á þeim bókum sem seldar eru til neytenda.

Aukin samkeppni í smásölu leiðir í fyrsta lagi til þess að útgefendur hafa aukna möguleika á að koma bókum sínum á framfæri í gegnum smásala. Í öðru lagi leiðir aukin smásölusamkeppni til þess að aðrir bókaútgefendur kunna að fá betri kjör frá smásöllum. Fyrirtæki með háa markaðshlutdeild munu með öðrum orðum ekki vera í stöðu til þess að krefjast þess að fá verulega afslætti af bókatitlum af útgefendum, ef til staðar er annar stór smásali sem keppir við félagið í verði. Samruninn mun þannig að líkindum leiða til þess að kjör útgefenda batna og að neytendur fá aukið val um kaup á bókum á betra verði.

¹⁰² Sjá heimasíðu félagsins: <https://fibus.is/>

¹⁰³ TRÚNAÐARMÁL

[Yfirlýsing og undirritunarsíða fylgir]

11 YFIRLÝSING

Forsvarsmenn samrunaaðila lýsa því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, séu sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Forsvarsmenn félaganna hafa kynnt sér ákvæði 41. gr. b samkeppnislaga.

Er þess sérstaklega óskað að meðferð málsins verði hraðað eins og mögulega er kostur.

Reykjavík, 17. júlí 2020.

Virðingarfyllst,

LOGOS lögmannsþjónusta

Gunnar Sturluson, lögmaður